

- 114 20. sept. Þurfi dýralæknir að annast kjötskoðun fjarri heimili sínu, ber sláturhúsi því, er hann skoðar kjötið fyrir, að sjá honum fyrir greiðum farkosti eða greiða honum fyrir farkost, ef hann leggur hann til sjálfur.

VI. KAFLI

Vísitala.

Allar greiðslur samkvæmt framangreindri gjaldskrá greiðast með verðlagsvísitölu, eins og hún er ákveðin á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. nóvember 1948.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. september 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

- 115 29. sept.

REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Akranesi.

1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt, 1% af fasteignamatsverði hússins.

Sama er og um önnur hús, er fá vatn úr vatnsveitu bæjarins.

Nú er hús, er greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður vatnsveitustjóri þá skattinn.

2. gr.

Auk vatnsskatts, samkvæmt 1. gr., skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur, frystihús, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskattur, samkv. 1. mgr., skal vera 30 aurar fyrir hvern teningsmetra. Þar sem svo hagar til, sem í 1. mgr. segir, skal vatnsveitustjóri ákveða aukavatnsskattinn, eftir áætlaðri notkun og samkvæmt verðlagi í 2. mgr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitustjóra, um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitustjóra, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákvarðaður hlutfallslega við þá mælingu.

3. gr.

Verð á vatni, sem selt er til skipa á höfninni, skal vera kr. 5.00 fyrir hverja 1000 lítra.

Bæjarráð ákveður endurgjald fyrir vatnið frá hafnarsjóði til vatnsveitunnar, þó ekki undir 40 aorum fyrir hvern teningsmetra.

4. gr.

Nú er vatni úr vatnsveitu Akraness veitt í hús eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins, og skal þá ákveða vatnsskattinn samkv. því, er í reglugerð þessari segir.

5. gr.

115
29. sept.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

6. gr.

Vatnsskattur, samkv. reglugerð þessari, fellur í gjalddaga 1. júlí ár hvert, og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1948.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

116
4. okt.Gísli Jónasson.**AUGLÝSING**

um breyting á gjaldskrá fyrir landssímann frá 28. des. 1946.

1. gr.

6. málsgrein í II. kafla B. orðist svo:

Framangreind afnotagjöld miðast í Reykjavík við Reykjavíkurbæ og Seltjarnarnes allt inn að Elliðaám og þaðan um Bústaðaveg, Réttarholtsveg og Fossvogsveg heina leið í Fossvog.

2. gr.

V. kafli C. hljóði svo:

C. Radió-símtöl við skip og báta í hafi.

Gjald fyrir símtöl um íslenzkar strandarstöðvar er fyrir íslenzk skip samanlagt:

- a. Venjulegt símtalagjald milli strandarstöðvarinnar og þess, sem talar í landi, þó minnst kr. 3.00 fyrir viðtalsbilið.
- b. Strandargjald kr. 10.00 fyrir hvert byrjað viðtalsbil.
- c. Skipsgjald. Engin önnur íslenzk skip en farþegaskip taka skipsgjald, sem er kr. 2.00 fyrir viðtalsbilið.

Gjöld fyrir radió-símtöl við erlend skip eru tilgreind í alþjóðagjaldskrá fyrir skip og strandarstöðvar.

3. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi er gerð samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941, um fjarskipti, og gengur í gildi 1. janúar 1949.

Samgöngumálaráðherrann, 4. október 1948.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.